

Héraðsdómur Norðurlands vestra



D Ó M U R

Mál nr. E-35/2025

Sjálfsseignarstofnunin Grímstunguheiði/Haukagilsheiði

(Sigurður Jónsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Andri Andrasen lögmaður)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

31. október 2025

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 31. október 2025

I. Dómkröfur, aðild og málsmeðferð

1. Mál þetta var höfðað 3. apríl 2025. Stefnandi er sjálfseignarstofnunin Grímstunguheiði/Haukagilsheiði, og heimilisfang sagt hið sama og fyrirvarsmanns, Birgis Líndal Ingþórssonar á Uppsölum, 541 Blönduósi. Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík.

2. Stefnandi krefst þess að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar frá 17. október 2024 í máli nr. 2/2023, Norðurland, að því leyti er varðar Kornsártungur, um svæðið á milli Kornsár og Kleppukvíslar, Húnavatnshreppi þ.e. eftirtalin úrskurðarorð: *Því er niðurstaða óbyggðanefndar að norðurhluti Kornsártungna, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna: Upphafspunktur er þar sem Kleppukvísl rennur úr Kleppuvatni, við mörk þjóðlendu í hluta Kornsártungna. Þaðan er Kleppukvísl fylgt norður að þeim stað þar sem hún og Kornsá renna saman. Þaðan er Kornsá fylgt suðvestur að Kornsárvatni við mörk þjóðlendu í hluta Kornsártungna og þaðan er þeim þjóðlendumörkum fylgt suðaustur að upphafspunkti.*

3. Stefnandi krefst að auki málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

4. Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þess er þá krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, en til vara, að því er málskostnað varðar, að aðilar beri sinn kostnað af málinu.

5. Með úrskurði 3. september sl. vék settur dómstjóri Héraðsdóms Norðurlands vestra sæti í málinu á grundvelli vanhæfis vegna fyrri aðkomu að málinu. Með bréfi dómstólasýslunnar 4. september sl. var Lárentsínusi Kristjánssyni héraðsdómara fengið málið til úrlausnar.

6. Aðalmeðferð málsins fór fram 7. október sl. og hófst hún með vettvangsgöngu um hið umdeilda svæði og var svo framhaldið síðar um daginn í dómsal.

II. Málsatvik

7. Þann 11. ágúst 2022 tilkynnti óbyggðarnefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar sautján landsvæði á grundvelli 1. ml. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendu,

og var veittur frestur til 14. nóvember 2022 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.

8. Framangreint ákvæði heimilar óbyggðanefnd að *taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra*. Þau sautján svæði sem tekin voru til meðferðar á þeim grundvelli höfðu ekki áður verið undirorpin þjóðlendu-kröfu en voru aðliggjandi þjóðlendum í sveitarfélögunum Fljótsdalshreppi, Langanesbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, sveitarfélaginu Skagafirði, Skagabyggð, Húnabyggð, Borgarbyggð og Árneshreppi. Á meðal þeirra sautján landsvæða sem óbyggðanefnd tók til umfjöllunar á grundvelli framangreinds var umþrætt svæði þessa máls. Í málinu krefst stefnandi þess að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar frá 17. október 2024 í máli nr. 2/2023, Norðurland, að því leyti sem úrskurðurinn varðar norðurhluta Kornsártungna, þ.e. svæðið á milli Kornsár og Kleppukvíslar í Húnavatnshreppi, eins og það svæði er afmarkað í úrskurðinum. Sjá helst kafla 7.4.7 í úrskurðinum, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að svæðið, sbr. dómkröfur, sé þjóðlenda en afréttareign stefnanda, sbr. lög nr. 58/1998 um þjóðlendur:

9. Óbyggðanefnd tók umþrætt svæði til umfjöllunar með vísan til athugasemdar nefndarinnar við kröfugerð íslenska ríkisins í eldri úrskurði nefndarinnar 19. desember 2014 í máli nr. 2/2013, Húnavatnshreppur. Í þeim úrskurði var komist að þeirri niðurstöðu að sá hluti Kornsártungna sem féll innan þjóðlendu-kröfu íslenska ríkisins í því máli væri þjóðlenda. Þeirri niðurstöðu fylgdi síðan athugasemd (sbr. bls. 542 í úrskurði í máli nr. 2/2013) sú sem er í raun grundvöllur þessa máls þar sem þeirri skoðun var lýst að líklega væri stærri hluti svæðisins en sá sem þar var til umfjöllunar þjóðlenda þar sem um það svæði giltu líklega sömu sjónarmið og sömu gögn yrðu þar lögð til grundvallar.

10. Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæðum sem sæta málsmeðferð samkvæmt 1. ml. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 barst óbyggðanefnd 14. nóvember 2022. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 21. nóvember 2022, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 28. febrúar 2023.

11. Kröfulýsing stefnanda er dagsett 23. febrúar 2023, en þar var þess krafist aðallega að kröfu íslenska ríkisins inn á eignarland Kornsártungna yrði vísað frá hinni sérstöku óbyggðanefnd en

til vara að viðurkennt yrði að stefnandi ætti beinan eignarrétt að öllu svæðinu á milli Kornsár og Kreppukvíslar.

12. Með úrskurði óbyggðanefndar 17. október 2024 í máli nr. 2/2023 var, sem fyrr segir, komist að niðurstöðu um að umþrætt svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar (norðurhluti Kornsártungna) væri þjóðlenda í afréttareign stefnanda. Til stuðnings þeirri niðurstöðu segir eftirfarandi á bls. 197 í úrskurðinum:

Þessi skjöl, auk annarra heimilda um Kornsártungur, leiddu til þeirrar niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 að sá hluti Kornsártungna sem þar var til umfjöllunar væri þjóðlenda, líkt og áður greinir. Að mati nefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að sömu skjöl og heimildir eigi að leiða til annarrar niðurstöðu að því er varðar þann hluta Kornsártungna sem hér er til umfjöllunar. Þvert á móti er mat nefndarinnar að þau sjónarmið sem lágu til grundvallar niðurstöðu um að hluti Kornsártungna væri þjóðlenda í máli nr. 2/2013 eigi einnig við um þann hluta sem hér er til umfjöllunar.

13. Stefnandi vísar í málavaxtalýsingu sinni helst til neðangreindra gagna og heimilda til stuðnings stefnukröfum sínum:

14. Landamerkjabréfs fyrir jörðina Haukagil sem var útbúið 29. júlí 1890 en þar segir:

Að norðan ræður: bein lína vestan frá svokölluðum Saurbæjarsteini, sem er kippkorn fyrir sunnan og vestan vestari Ástjörnnina vestur við „Kvíslina“ þaðan austur í merkjavörðu austur undir brún og þaðan beina leið í merkjaskurð, sem gjörður er í flóann milli Haukagils og Saurbæjar, og frá austurenda skurðarins beint austur á línu þá er ákveður merki milli Þormóðstungu og Saurbæjar og Haukagils, sem liggur frá vörðu vestantil á Ásmóhelli beint suður um farveg Vatnsdalsár í fornar réttartóptir norðast í svokölluðum Réttarhólma (Haukagilshólma) í hólmanum fyrir sunnan og neðan Haukagil. Að austan verðu: áður nefnd lína suður á móts við landamerkin og úr því Vatnsdalsá. Að suðaustan og sunnan ræður: bein sjónleið frá Pallshamri austan Vatnsdalsár, fyrir norðan svonefnd Sauðaskjól, kippkorn fyrir utan Tunguklif í Álftarskálará, þar sem hún fellur úr gilinu, þaðan ræður Álftarskálará fram til fremri Skútalækjar og frá Skútalæk beint vestur á há Kleppuhól vestar við Kleppukvísl. Að vestan ræður: Kleppukvísl 667 DI VII, nr. 618, bls. 656–662, 816. 668 Skjal nr. 2(88). 669 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII. Húnavatnssýsla, bls. 282–283. 670 Skjal nr. 2(65) a–b. 332 og Kornsá (Kvíslinni) til Saurbæjarsteins.

Auk þess fylgir jörðinni, móts við Kornsó, hálf það land sem liggur milli Kleppukvíslar og Kornsárkvíslar.

15. Landamerkjabréfs fyrir jörðina Kornsó sem útbúið var 25. maí 1891 og þinglýst þremur dögum síðar:

Að austan ræður Vatnsdalsá. Að norðan, milli Gilsstaða og Kornsár, eru merki frá snidduvörðu við ána í Oddanesinu, beint í gamalt garðlag neðan til við Stekkjargil, og þaðan sömu stefnulínu yfir gilið og hálsinn vestur að Gljúfurá. Að sunnan, milli Kornsár og Undirfells, frá neðanverðu Kornsár-gili eptir því sem hinn forni farvegur Kornsár liggur niður til Vatnsdalsár, þó telst svo nefnd Þórdísareyri sem er fyrir neðan nefndan farveg, til Undirfells. Frá Kornsárvatni ræður Kornsó merkjum, eins og hún fellur niður fyrir neðsta fossinn í henni, rjett fyrir ofan hinn forna farveg. Frá upptökum Kornsár eru merki yfir Kornsárvatn í Bergárvatn, þá að vestan, frá því til upptaka Gljúfurár, og sem hún fellur norður á móts við fyr greind merki milli Kornsár og Gilsstaða.

Auk þessa á Kornsó, móts við Haukagil, hálf það land, sem liggur milli Kornsár- og Kleppu-kvíslar.

16. Með bréfi, dagsettu 8. ágúst 1883, seldi Hannes Þorvarðarson á Haukagili Sigurði Jónssyni á Lækjamóti Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum sem höfðu fram að því ætíð legið undir Haukagil. Mörk umrædds landsvæðis voru þar sögð:

[...] að norðan Ytri Skútalækur frá Álptaskálará, meðan hann fellur beint úr vestri, þaðan frá vestur í Kleppukvísl, en fyrir vestan Kleppukvísl, hálf land móts við Kornsó vestur á heiðamót og fram til hraungarða, þaðan til suðurs á fjórðungamót, að austan ræður Álptaskálará út að Skútalæk ytri, og þar að auki fylgir heiðinni, eins og áður er áminnst, og eru í kaupinu hálfar Lambatungur.

17. Á manntalsþingi, höldnu að Þorkelshóli þann 14. júní 1894, var þinglýst afsalsbréfi Sigurðar Jónssonar á Lækjamóti fyrir ¼ hluta úr Haukagilsheiði, með ¼ úr hálfum Kornsártungum, dags. 28. október 1891. Þinglýsingin er færð til bókar á eftirfarandi hátt:

Afsalsbrjef Sigurðar bónda Jónssonar á Lækjamóti, dags. 28. oktbr. 1891 fyrir ¼ hluta úr svokallaðri Haukagilsheiði með ¼ úr hálfum Kornsártungum til handa Jósepi bónda Jónatanssyni á Miðhópi fyrir 125 kr.

18. Stjórnarráðið skrifaði hreppsnefnd Áshrepps, 29. desember 1916, og spurðist fyrir um hvort hún hefði áhuga að kaupa fyrir 500 kr. heiðarland það sem fyrrum hafði tilheyrt Kornsó. Svarið við þeirri fyrirspurn telur stefnandi þessa máls að hafi verið neitandi því Stjórnarráðið hafi selt Jóni S. Pálmasyri á Þingeyrum heiðarland það úr landareign Kornsó í Áshreppi sem undanskilið hafi verið við sölu jarðarinnar 11. febrúar 1909. Kaupverðið hafi verið 500 kr. og sé afsalið dagsett 8. maí 1917. Þar sé getið eftirfarandi varðandi landamerki:

Mörkin milli heiðarlands þessa og heimalands jarðarinnar Kornsó er [strikað yfir, og; er, ofan línu] bein lína í hávestur úr syðstu klettaborg í Undirfellsfelli í Gljúfurá. Stjórnarráðið skrifaði umboðsmanni Þingeyraklaustursumboðs sama dag, 8. maí 1917, og tilkynnti honum um sölu á heiðarlandinu sem áður hafði tilheyrt Kornsó en var undanskilið jörðinni samkvæmt afsalsbréfi ráðherra frá 11. febrúar 1909.

19. Eftirfarandi samningur var gerður 16. júní 1928:

Merki milli Undirfells og Kornsó, skulu vera fullnaðarlandamerki yfir svonefnda „Þórdísareyri“ eins og áður nefnd girðing liggur og svo áfram upp í Kornsórgil. Svo og áfram eins og áin Kornsó liggur neðan lönd Undirfells og Kornsó liggja að henni, eins og verið hefur.

20. Með bréfi, rituðu 29. desember 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan sýslna hvers og eins sýslumanns. Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði.

21. Um málavexti vísast að öðru leyti til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023, og kröfulýsingar og greinargerðar aðila fyrir óbyggðanefnd.

III. Málsástæður og lagarök stefnanda

22. Stefnandi byggir á því að landsvæðið sem um ræðir hafi verið numið í öndverðu og að sá eignarréttur hafi aldrei fallið niður. Vísað er til framangreindra þinglýstra landamerkjabréfa jarðarinnar Haukagils frá 29. júlí 1890 og jarðarinnar Kornsó 25. maí 1891 og til þeirra gagna sem rakin séu undir málavaxtalýsingu.

23. Af hálfu stefnanda er byggt á því að sú aðgerð íslenska ríkisins að gera ekki kröfu um að tiltekið landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda við meðferð þjóðlendumáls sé í sjálfu sér viðurkenning á því að ekki sé að finna þjóðlendu á því landsvæði, en við þetta sé íslenska ríkið bundið. Ríkið hafi þannig fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast þess nú að umrætt landsvæði teljist þjóðlenda. Annað fari gegn meginreglum stjórnisýsluréttar um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf, sbr. 9., 10. og 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

24. Með vísan til res judicata sjónarmiða sé ljóst að ríkið eigi engar fleiri kröfur í þetta land, þar sem ríkið hafi áður lagt fram kröfur sínar og fengið úrlausn óbyggðanefndar á því hvar mörk þjóðlendu endi. Engu máli ætti að skipta í þessu samhengi athugasemd nefndarinnar í fyrri úrskurði sínum um umþrætt landsvæði sem virðist vera grundvöllur að kröfugerð ríkisins og síðan jafnframt grundvöllur niðurstöðu hinnar sérstöku óbyggðanefndar í máli þessu.

25. Setning hinnar sérstöku óbyggðanefndar hafi verið gagnslaus aðgerð og virst einungis hafa verið sýndarmennska og kattarþvottur gerður í því skyni að komast hjá óþægindum vegna vanhæfis. Þessi sérstaka óbyggðanefnd hafi haft sömu aðstöðu og sama starfsfólk og hin fyrri enda ekkert annað gert en að éta upp og réttlæta óþarfar athugasemdir hinnar fyrri nefndar sem gerðar hafi verið í þágu ríkisvaldsins.

26. Byggt er á því að lög nr. 58/1998 veiti ekki heimild til þess að taka aftur upp mál sem þegar hafi verið dæmt í. Ákvæði þess efnis, þ.e. 6. og 7. mgr. 10. gr., hafi ekki tekið gildi fyrir en 19. maí 2020. Úrskurður óbyggðanefndar í fyrrgreindu máli hafi hins vegar verið kveðinn upp 19. desember 2014 en þágildandi ákvæði laganna hafi enga heimild veitt til þess að taka upp málið með þessum hætti. Bann við afturvirkni laga sé meginregla í íslenskum rétti og hafi það verið grundvallarsjónarmið að réttarstaða manna ákvarðist af lögum eins og þau séu hverju sinni.

27. Af hálfu stefnanda er byggt á því að eignarréttur hans á Kornsártungum, þ.e. norðurhluta þeirra, sé verndaður af 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlags nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, sem sé lögfestur með lögum nr. 62/1994.

28. Á því er byggt að landsvæðið, sem hér sé deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Kröfur stefnanda byggi á landamerkjabréfum, máldögum, afsölum, jarðamati, örnefnaskrá og fleiri þeim skjölum er varði Kornsártungur, en um sé að ræða hluta þess svæðis sem áður hafi tilheyrt jörðunum Haukagili og Kornsá og sé

norðan við þjóðlenduhluta Kornsártungna. Samkvæmt þeim eignarheimildum sem taldar séu í kröfulýsingum og öðrum þeim gögnum sem vísað sé til í málinu sé ljóst að svæðið á milli Kornsár og Kleppukvíslar hafi talist til heimalanda enda sé því lýst sem eignarlandi bæði í landamerkjabréfi fyrir jörðina Haukagil frá 29. júlí 1890 og í landamerkjabréfi Kornsár frá 25. maí 1891. Landið sé umlukið heimalöndum nema þar sem það liggi að suðurhluta Kornsártungna í suðvestri. Eignarland Haukagilsheiðar liggi að landinu í austri og síðan langt inn til landsins sunnan við Kornsártungulandið. Þá er vísað til þess að við vettvangsgöngu óbyggðanefndar hafi sést að landið er flatlent og samfellt. Landinu svipi því til lands Haukagils mun frekar en landsins vestan megin. Það sé rangt sem komi fram í greinargerð ríkisins og í úrskurði óbyggðanefndar í málinu nr. 2/2013, að ekkert bendi til þess að önnur sjónarmið geti átt við um þann hluta Kornsártungna sem eftir stæði, en um þann hluta Kornsártungna sem úrskurðaður hafi verið þjóðlenda. Þvert á móti liggi sá hluti Kornsártungna sem nú sé til umfjöllunar norðar, hann sé umlukinn heimalöndum og sé talinn til heimalanda í landamerkjabréfum Kornsár og Haukagils.

29. Ríkið sé bundið við að hafa ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins við meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd en það land sem hér sé deilt um sé fremur hluti af jörðum á svæðinu en afréttinum.

30. Vísað sé til þeirrar meginreglu eignarréttarins að inntak eignarréttar breytist ekki þótt land jarða sé lagt til afréttar. Samkvæmt framangreindu hafi stefnandi óskoraðan eignarrétt fyrir þessu landi með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Stefnandi hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar. Að því er varði eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur er bent á að í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar sé komist að þeirri niðurstöðu að hugtakið hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið. Afréttarland hafi verið sú náttúruauðlind sem hafi verið skilyrði þess að byggð hafi haldist á jörðum. Engin ástæða sé því til að ætla að eignarréttur hafi fallið niður.

31. Stefnandi vísar til fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands frá 29. desember 1919 um almenninga og afréttarlönd. Bogi Brynjólfsson sýslumaður hafi svarað með bréfi frá 28. apríl 1920 og sagt ekkert slíkt svæði að finna nema Almenning í Skagaheiði.

32. Á því er jafnframt byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis, nú síðast með því að gera ekki kröfu til landsins við fyrri meðferð málsins fyrir óbyggðanefnd, viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Ríkisvaldið hafi nokkrum sinnum getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðila ríkisins, og m.a. kosið að gera það ekki í kröfulýsingu sinni á svæði 8A, dags. 2. júlí 2012. Ljóst sé því að hún sé löngu niður fallin

vegna fyrningar og tómlætis og hafi öllum heimildaskjölum stefnanda verið þinglýst athugasemdalaust.

33. Loks er á því byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvareandi rétt yfir eigninni þar til annað sannist, sbr. m.a. Hrd. 1961:629. Ríkisvaldið beri því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land stefnanda sé ekki fullkomin eign hans og þá sönnunarbyrði hafi ríkið ekki axlað.

IV. Málsástæður og lagarök stefnda

Almennt

34. Stefndi byggir á því að umþrætt landsvæði, þ.e. svæðið á milli Kornsár og Kleppukvíslar (norðurhluti Kornsártungna), sé utan eignarlanda og því þjóðlenda í skilningi þjóðlendlaga nr. 58/1998, í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023. Að mati stefnda er ljóst að svæðið sé utan landamerkja jarða og að af heimildum megi ráða að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Hvíli því sérstaklega á stefnanda að sýna fram á stofnun og tilvist beins eignarréttar á svæðinu, en slík sönnun hefur ekki tekist að mati stefnda.

35. Stefndi gerir forsendur og niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023, hvað varðar umþrætt svæði, að sínum til stuðnings sýknukröfu. Vísist í því sambandi helst til kafla 7.4.7 (bls. 194–198) í úrskurðinum. Er af hálfu stefnda tekið sérstaklega undir þá niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023, sbr. framangreint, að sömu sjónarmið eigi við um þann hluta Kornsártungna sem hér er til umfjöllunar og þann hluta tungnanna sem hafi verið til umfjöllunar í hinu eldra máli nr. 2/2013. Í því sambandi er vakin sérstök athygli á því að engin ný skjöl eða heimildir hafa komið fram hvað varðar umþrætt svæði, frá því sem lá fyrir í hinu eldra máli nr. 2/2013.

36. Stefndi áréttar að í málinu sé ekki ágreiningur um landfræðilega afmörkun umþrættis svæðis, en um afmörkun þess vísast til úrskurðarorða óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023, sbr. hér að framan, og úrskurðarkorts.

Landnám, heimildir o.fl. atriði

37. Byggt er á því að umþrætt svæði hafi verið utan landnáms. Af frásögnum Landnámu verði ekki ráðið hversu langt inn til landsins landnám á svæðinu hafi náð. Verði því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir umþrættu svæði. Verði talið að landnám hafi náð til umþrættis svæðis, í heild eða að hluta, er byggt á því að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem kunnir að hafa stofnast í öndverðu, hafi

fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir styðji það.

38. Um heimildir um Kornsártungur og umþrætt svæði vísist til umfjöllunar og greiningar í úrskurðum óbyggðanefndar í málum nr. 2/2013 og nr. 2/2023, sbr. aðallega kafla 5.5 (bls. 95–106) í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023, og framlagðra gagna.

39. Af heimildum megi ráða að Kornsártungur virðist hafa heyrt sameiginlega undir jarðirnar Haukagil og Kornsá frá tíma elstu heimilda um tungurnar, en Kornsártungur séu fyrst nefndar í lögfestu Haukagils frá 1789. Við mat á því hvað hafi falist í þeirri tilheyrslu verði að horfa til þess að engar heimildir liggi fyrir um að Kornsártungur hafi tilheyrt nefndum jörðum að beinum eignarrétti. Engar heimildir liggi þannig fyrir sem lýsi Kornsártungum innan merkja jarðanna, en í heimildum sé vísað til svæðisins á eftir lýsingum á eiginlegum merkjum jarðanna, og þar með utan merkja. Vísist hér til nefndrar lögfestu Haukagils frá 1789 og landamerkjabréfa fyrir Haukagil og Kornsá frá 1890 og 1891 sem lögð eru fram. Slíkar lýsingar í landamerkjabréfum og öðrum heimildum séu yfirleitt taldar benda til þess að um sé að ræða landsvæði sem jörð hafi eða kunni að hafa haft nytjar af, án þess þó að það fylgi henni sem annað land hennar. Með vísan til þessa sé ekki unnt að fallast á að umþrættu svæði sé lýst sem eignarlandi í nefndum landamerkjabréfum eða að það sé talið þar til heimalanda, eins og haldið er fram í stefnu.

40. Jafnframt sé það svo að lítið liggi fyrir af heimildum um nýtingu Kornsártungna fyrir en á 20. öld, og þær heimildir sem liggi fyrir um nýtingu svæðisins bendi eindregið til þess að svæðið hafi aðeins verið nýtt til upprekstrar og afréttarnota. Auk þess sé óumdeilt að aldrei hafi verið byggð á umþrættu svæði. Framangreint bendi allt til þess að réttur til umþrætts svæðis hafi orðið til með því að svæðið hafi verið tekið til sumarbeitar og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

41. Til viðbótar framangreindu vísist til þeirra annarra atriða sem almennt sé horft til við mat á því hvort landsvæði sé eignarland eða þjóðlenda, þ. á m. staðháttu. Í því sambandi er meðal annars bent á að aðliggjandi umþrættu svæði séu bæði þjóðlendur og eignarlönd, en svæðið sé hluti af heiðarsvæði inn af vestanverðum Vatnsdal, í um 320–450 m hæð.

42. Að teknu tilliti til framangreinds, sbr. nánar úrskurði óbyggðanefndar í málum nr. 2/2013 og nr. 2/2023, telur stefndi ljóst að umþrætt svæði hafi ekki haft sömu eignarréttarlegu stöðu og annað land jarðanna Kornsár og Haukagils, og geti ekki að öðru leyti talist undirorpið beinum eignarrétti. Eigi hið sama við um umþrætt svæði og aðra hluta Kornsártungna. Teljist umþrætt svæði því þjóðlenda.

Um aðrar málsástæður stefnanda

43. Stefndi mótmælir sérstaklega málsástæðum stefnanda er lúta með einum eða öðrum hætti að því að stefndi hafi ekki gert kröfu til umþrættis svæðis í hinu eldra máli nr. 2/2013 og því mótmælt að stefndi hafi með því viðurkennt að ekki sé um þjóðlendu að ræða eða fyrirgert sér rétti. Þá sé stefndi ekki bundinn við að hafa ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins í hinu eldra máli.

44. Þessu til stuðnings er bent á að málsmeðferð óbyggðanefndar í umræddu máli nr. 2/2023 hafi farið fram á grundvelli sérstakrar heimildar 7. mgr. 10. gr. þjóðlendluga, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og eftir málsmeðferðarreglum laganna, sem fylgt hafi verið í hvívetna. Umrætt mál, sem og önnur sem hafi verið til meðferðar samkvæmt 7. mgr. 10. gr. þjóðlendluga, hafi því fengið sömu málsmeðferð og önnur þjóðlendumál sem óbyggðanefnd hefur haft til úrlausnar frá gildistöku þjóðlendluga. Sú málsmeðferð hafi verið talin í samræmi við stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

45. Einnig verði að athuga að í eldri úrskurðum óbyggðanefndar, og eftir atvikum úrlausnum dómstóla þar að lútandi, hafi ekki verið fjallað um eða tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu þeirra svæða sem hafi síðar verið tekin til meðferðar samkvæmt 7. mgr. 10. gr. þjóðlendluga. Á það meðal annars við um umþrætt svæði, þ.e. eignarréttarleg staða umþrættis svæðis hafi ekki verið til umfjöllunar í hinum eldri úrskurði í máli nr. 2/2013, þrátt fyrir að nefndin hafi gert athugasemd við kröfugerð stefnda í því máli. Málsmeðferð þjóðlendumála fyrir óbyggðanefnd og dómstólum sé í hverju tilviki afmörkuð við þjóðlendukröfusvæði stefnda, sbr. meðal annars 2. mgr. 10. gr. þjóðlendluga, og í úrskurði óbyggðanefndar eða dómi í hverju tilviki sé aðeins komist að niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu hvers slíks svæðis. Eðli máls samkvæmt felist ekki í þessu að framsetning þjóðlendukröfu, úrskurður óbyggðanefndar eða dómur í þjóðlendumáli feli í sér viðurkenningu eða efnislega niðurstöðu um að landsvæði sem falli utan þess svæðis sem sé til meðferðar sé háð beinum eignarrétti.

46. Við mat á þýðingu þess að stefndi hafi ekki gert kröfu til umþrættis svæðis í hinu eldra máli verði jafnframt að horfa til þess að stefnda beri í hverju máli sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar að lýsa þjóðlendukröfum innan lögbundins kröfulýsingarfrests, sbr. 1. mgr. 10. gr. þjóðlendluga. Á þeim tímapunkti sem stefnda beri að lýsa þjóðlendukröfum í hverju máli liggi ekki fyrir öll gögn um viðkomandi svæði, þar sem gagna- og upplýsingaöflun sé yfirleitt aðeins skammt á veg komin á því stigi. Undir rekstri hvers máls hjá óbyggðanefnd hafi því komið fram heimildir og upplýsingar sem ekki hafi verið fyrir hendi við framsetningu þjóðlendukröfna stefnda, sem geti kallað á breytingar á þeim. Fram til gildistöku laga nr. 34/2020 hafi stefnda hins

vegar ekki verið heimilt að aðlaga kröfugerð sína að nýjum heimildum og upplýsingum ef í því fólst að aukið væri við kröfugerð stefnda með einum eða öðrum hætti. Sjá í þessu sambandi sérstaklega athugasemdir við frumvarp til laga nr. 34/2020, þar sem sé meðal annars bent á að „[þ]essi réttarstaða [geti] leitt til þess að svæði sem ættu að teljast til þjóðlendna samkvæmt almennum sönnunarreglum verði ekki úrskurðuð þjóðlendur vegna þess hvernig kröfum ríkisins var upphaflega hagað“. Hafa verði þessa réttarstöðu í huga við mat á málatilbúnaði stefnanda, en megintilgangur 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, sbr. jafnframt 6. mgr. 10. gr., hafi verið að bæta úr þessu. Af þessu sé ljóst að ekki sé unnt að líta svo á að í þjóðlendukröfum stefnda fyrir óbyggðanefnd felist eða hafi falist viðurkenning stefnda á því að svæði sem falla utan þjóðlendukröfu séu viðurkennd eignarlönd.

47. Með vísan til þess sem nánar sé rakið í kafla 7.2.5 í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2023 sé og bent á að aðgerðaleyssi eða tómlæti stefnda hafi í dóma- og úrskurðafrankvæmd almennt ekki verið talið nægja til að skapa réttmætar væntingar um beinan eignarrétt ef fullnægjandi heimildir skortir um slíkt eignarhald. Hið sama eigi við um almennar athafnir stefnda.

48. Til viðbótar framangreindu er bent á að sá málatilbúnaður í stefnu, sem hér um ræðir, sé á skjön við það markmið þjóðlendulaga, og 7. mgr. 10. gr. laganna sérstaklega, að *niðurstöður um eignarréttarlega stöðu landsvæða ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat [...]*, sbr. athugasemd við 4. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 34/2020. Vilji löggjafans standi og hafi staðið til þess, allt frá gildistöku þjóðlendulaga, að komist verði að niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þeirra svæða sem óbyggðanefnd ákveður að taka til meðferðar á grundvelli efnislegs mats á heimildum og venjubundins sönnunarmats.

49. Að öðru leyti er umræddum málatilbúnaði í stefnu mótmælt, þ. á m. almennum tilvísunum til stjórnsýslureglna og *res judicata sjónarmiða*, en fyrir liggi að aldrei hafi verið dæmt um það svæði sem hér sé til meðferðar. Eins er mótmælt málatilbúnaði um *sýndarmennsku* og *kattarþvott*, o.þ.h., sbr. bls. 5 í stefnu. Verði og að taka fram að engan veginn verði séð hvernig sjónarmið um bann við afturvirkni laga geti átt hér við, sbr. framangreint.

V. Niðurstaða

Meint viðurkenning stefnda á réttindum stefnanda, tómlæti og brot á málsmeðferðarreglum

50. Ekki verður fallist á þau sjónarmið stefnanda að stefndi, íslenska ríkið, hafi fyrir tómlæti eða vangá tapað þeim réttindum sem stefnda eru ætluð samkvæmt þeim úrskurði óbyggðanefndar nr. 2/2023 sem hér er til umfjöllunar og þá heldur ekki að með aðgerðaleyssi eða eftir atvikum fyrri

kröfulýsingum ríkisins á svæðinu hafi verið í raun óbeint fólgin viðurkenning á rétti stefnanda til hins umþrætta svæðis.

51. Verður ekki fallist á að stjórnarskrárvarin eignarréttindi, hvort sem eru full eða takmörkuð, almennt séð eða hér, geti glatast þeim er á fyrir þær sakir að réttra málsmeðferðarreglna hafi ekki verið gætt við það að halda frammi þeim rétti, eða að rannsókn meints eiganda á heimildum sínum hafi verið ábótavant. Þá er líkt og varðandi tvö fyrri atriðin það óútskýrt og vanreifað á hvaða lagagrundvelli eigandi slíkra réttinda getur orðið af þeim á grundvelli þess að hann hafi ekki gætt meðalhófs eða að reglur stjórnásluréttar um málskraða geti leitt til slíkrar niðurstöðu. Sjónarmiðum stefnanda sem byggjast á þessum grunni verður hafnað sem haldlausum enda aukinheldur ósannað að slíkar reglur hafi verið brotnar eða að misbrestur í framkvæmd hafi verið slíkur að einhver áhrif geti haft á réttindi aðila. Verður þá ekki betur séð en að viðhafðar hafi verið sömu og jafnvel að hluta strangari málsmeðferðarreglur við úrlausn málsins og tíðkast hafa til þessa í þjóðlendumálum og hafa margsinis komið til skoðunar fyrir Hæstarétti og taldar standast stjórnarskrá og mannréttindasáttamála Evrópu. Ekkert bendir til þess að mati dómsins að einhverjir annmarkar hafi verið á skipan sérstakrar óbyggðanefndar eða störfum hennar enda virðist stefnandi ekki byggja á því að þetta eigi að hafa áhrif á hans réttarstöðu eða úrslit þessa máls þótt hann kjósi að hnýta í nefndina og gera nokkuð lítið úr störfum hennar.

52. Þá verður að hafna því að reglur um res judicata áhrif dóma, þ.e. hvort sem eru jákvæð eða neikvæð áhrif þess að dómsúrlausn sé bindandi fyrir aðila máls, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991, geti haft áhrif við úrlausn þessa máls þannig að styðji við stefnukröfur málsins. Enginn dómur hefur gengið um þær kröfur sem hér eru til umfjöllunar sem gætu þá mögulega orðið efniviður fyrir slíka niðurstöðu. Þá hefur úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 sem slíkur, þar sem aðliggjandi svæði voru til umfjöllunar, ekki slík réttaráhrif að lögum. Dómar sem gengið hafa um úrskurði nefndarinnar hafa eðli máls samkvæmt ekki neikvæð bindandi áhrif samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 nema um það afmarkaða svæði sem þar er til umfjöllunar samkvæmt kröfugerð aðila. Slík umfjöllun getur hins vegar mögulega haft jákvæð bindandi áhrif, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, við meðferð mála um aðliggjandi svæði.

Afturvirkni laga og réttmætar væntingar landeiganda

53. Stefnandi byggir þá á því að lög nr. 34/2020 um breytingu á lögum nr. 58/1998 um þjóðlendu, sem séu grundvöllur þessa máls, brjóti gegn meginreglu íslensks réttar um bann við afturvirkni laga. Lögin eins og þau litu út þegar úrskurður nefndarinnar í máli nr. 2/2013 var kveðinn upp hafi enga heimild haft að geyma um upptöku málsins og endurtekna meðferð þess.

54. Dómurinn hafnar þessari málsástæðu þegar á þeim grundvelli að það afmarkaða svæði sem málið hverfist um hefur ekki áður fengið þá málsmeðferð sem hér er til umfjöllunar, þ.e. hvorki fyrir óbyggðanefnd né dómstólum. Ekki verður þannig séð að þjóðlendulögin nr. 58/1998 eða önnur löggjöf banni frekari kröfugerð innan svæðis sem áður hefur verið fjallað um. Eðli máls samkvæmt gildir sú regla að umfjöllun í hverju máli um sig einskorðast við kröfugerð aðila hverju sinni líkt og jafnan gildir við meðferð ágreiningsmála, hvort sem er fyrir stjórnvaldi eða dómstóli, mögulega að breyttri kröfugerð undir rekstri máls og jafnvel eftir gildistöku laga nr. 34/2020 til aukningar, sbr. heimild í 6. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Ekkert í lögum girðir hins vegar eða girti áður að mati dómsins fyrir frekari kröfugerð í nýju máli þótt innan sama svæðis sé, svo lengi sem þjóðlendu-krafa hefur ekki verið þar höfð uppi áður og fengið þar úrlausn. Í þessu sambandi verður ekki litið framhjá því gríðarlega umfangi sem öflun heimilda og rannsóknarvinna er við undirbúning og meðferð mála sem ætlað er að skera úr um þjóðlendu-kröfur ríkisins og engin sjáanleg krafa verið gerð um að sú vinna sé ætíð tæmd þegar kröfurnar líta dagsins ljós þótt svo virðist sem þar hafi stappað nærri í langflestum tilvikum. Hér athugast og að löggjafinn mætir að vissu leyti sjónarmiðum landeigenda, m.a. um réttmætar væntingar með því að einskorða heimildina samkvæmt 4. gr. laga nr. 34/2020, sbr. nú 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, við svæði þar sem óbyggðanefnd hafði áður gert athugasemdir í fyrri umfjöllun. Þessi heimild er þá í fullu samræmi við það markmið laga um þjóðlendu að skera endanlega úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu. Þar verði niðurstöður látnar ráðast á endanlegu efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum þeim atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat frekar en því að svæði hafi orðið útundan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða vegna þess að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst, sbr. athugasemdir við frumvarp það sem varð að lögum nr. 34/2020.

55. Um réttmætar væntingar landeiganda vegna fyrri athafna ríkisins verður að fallast á þær ályktanir sem óbyggðanefnd dregur út frá meginreglum og dómaframkvæmd bæði héraðs og fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, um að sú lágmarkskrafa verði gerð svo væntingar geti talist réttmætar, að athafnir ríkisins hafi falið í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sem væntingar eru bundnar við sé hluti þeirrar jarðar sem tilkallið gerir. Engu slíku er til að dreifa í þessu máli heldur þvert á móti hljóta þær athugasemdir sem gerðar voru af óbyggðanefnd um svæðið í úrskurði nr. 2/2013 að hafa verið til þess fallnar að slá á slíkar væntingar fremur en hitt. Um þessi sjónarmið má vísa að öðru leyti til umfjöllunar óbyggðanefndar í úrskurði nr. 2/2023, kafla 7.2.5 á bls. 151–157 sem dómurinn tekur að fullu undir.

Afmörkun ágreiningssvæðis og eignarréttarleg staða þess

56. Enginn ágreiningur er uppi um landfræðilega afmörkun svæðisins enda þar við skýr mörk að styðjast, þ.e. í meginatriðum farvegi annars vegar Kornsár og hins vegar Kleppukvíslar frá upptökum þeirra og þar til þær sameinast.

57. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 58/1998 var áréttað að ekki yrðu í lögum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum, sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki. Með lögnum var þannig ekki stefnt að því að skerða eignarrétt eða raska á annan hátt réttindum með því að eignir yrðu teknar af mönnum, heldur að ganga með tilteknum hætti úr skugga um hvort viðhlítandi heimildir væru fyrir eignarrétti. Gildir sú regla sem endranær að sá sem telur til eignarréttinda yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu sé það dregið í efa, svo sem hér á við. Skipan mála var hins vegar breytt með lögum nr. 58/1998 að því leyti að eigandalaust land var með þeim fellt undir eignarráð stefnda, sbr. umfjöllun í dómi Hæstaréttar í máli nr. 48/2004. Tilvísun stefnanda til þinglýsinga-laga og áhrifa þinglýsingar í þessum efnum á meintan rétt hans er haldlaus þar sem með réttu því er haldið fram að þinglýstar heimildir taki ekki af skarið um það hversu víðtækur eignarréttur stefnanda er og stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að slíkar heimildir kveði á um annað og meira en þar kemur fram. Þar athugast og að ekki verður með landamerkjabréfum eða öðrum skjallægum gögnum réttur landeiganda einhliða aukinn ef hann stangast sannanlega á við aðrar heimildir.

58. Engin gögn styðja að mati dómsins að það svæði sem hér er til umfjöllunar hafi verið numið og verður því tilkall stefnanda og dómkröfur ekki byggðar á landnámi enda eru, eins og segir í úrskurði óbyggðanefndar sem ekki hefur verið hrakið, landnámsmörk upp til fjalla og inn til landsins ekki tiltekin í heimildum. Aukinheldur liggur þá ekkert fyrir um það að mati dómsins að slíkur eignarréttur hafi þá haldist óskertur í aldanna rás og færst á hendur annarra hafi hann í öndverðu verið til staðar.

59. Líkt og að framan er rakið er í niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins vísað að mestu til umfjöllunar nefndarinnar í máli nr. 2/2013. Vísað er til þess að í máli nr. 2/2023 hafi engin ný skjöl eða önnur gögn verið lögð fram til stuðnings kröfum stefnanda frá því sem fyrir lá í hinu fyrra máli, en í því sambandi athugast að sérstök skoðun var gerð á því á Þjóðskjalasafni hvort ástæða væri til að fara í kerfisbundna leit af frekari gögnum eða leggja til slík, sbr. fundargerð óbyggðanefndar 14. júní 2023. Eignarréttarlegt tilkall stefnanda fyrir nefndinni varðandi þennan viðbótar hluta Kornsártungna hafi þannig byggt á

sömu skjölum og leiddu til þess að óbyggðanefnd taldi syðri hlutann þjóðlendu. Nefndin taldi þessar heimildir ekki styðja tilkall stefnanda heldur þvert á móti leiða til sömu niðurstöðu varðandi þann hluta Kornsártungna sem hér er til umfjöllunar.

60. Í fyrrgreindum athugasemdum óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013 sem eru, sbr. framangreint, ákveðinn grundvöllur þess máls sagði: *Við mat á kröfugerð íslenska ríkisins verður ekki litið framhjá því að ekki voru gerðar þjóðlendukröfur til annars lands Kornsártungna en þess sem hér hefur verið úrskurðað um, þ.e. svæðisins milli Kornsár og Kleppukvíslar en austan línunnar sem dregin er milli Kleppuvatns og Kornsárvatns. Verður þó ekki annað séð en að nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við um það svæði eins og þann hluta Kornsártungna sem hér hefur verið úrskurðaður þjóðlenda, enda liggja ekki fyrir í málinu aðrar heimildir um þann hluta Kornsár[r]tungna heldur en þær heimildir sem raktar hafa verið hér að framan. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. // Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annar[r]a, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.*

61. Stefnandi ákvað að una framangreindum úrskurði (2/2013) sem gaf honum á hinn bóginn fullt tilefni til að afla frekari gagna í framhaldi til að undirbúa næstu sókn stefnda í landið, sbr. þann upptakt sem gefinn var með framangreindri athugasemd og raungerðist síðar. Engin ný gögn hafa þó verið lögð fram í málinu sem eru til þess fallin að styrkja tilkall stefnanda og kröfur hans. Verður það varla metið honum til hnjóðs í ljósi þeirrar umfangsmiklu undirbúnings- og rannsóknarvinnu sem óbyggðanefnd hefur hér sem endranær ráðist í þar sem meiri líkur en minni eru fyrir því að sá akur sé að fullu plægður. Því blasa við dómnum að öllu leyti sömu gögn og lágu fyrir 2013.

62. Stefnandi byggir kröfu sína nokkuð eindregið á framangreindum landamerkjabréfum Haukagils frá 29. júlí 1890 og Kornsár frá 25. maí 1891. Tilvísun stefnanda til máldaga, afsala, jarðamata, örnefnaskráa og annarra skjala er varði Kornsártungur hafa að mati dómsins enga þýðingu fyrir málið enda verður ekki séð að þessi skjöl styðji nokkuð við stefnukröfur stefnanda eða veiti framangreindum landamerkjabréfum aukið vægi, þ.e. umfram það sem þau sjálf bera með sér. Hefur meint vægi þeirra enda ekkert verið rökstutt frekar fyrir dómnum.

63. Engin eldri gögn í málinu, sem varða þrætusvæðið, benda þannig að mati dómsins til þess að það hafi verið að fullu eign umræddra jarða eða þeirra er áður áttu þar tilkall. Merkjalýsingar í umræddum bréfum gefa til kynna að þar sé lýst annars vegar landi sem er undirorpið beinum eignarrétti, þ.e. merki jarðanna, og hins vegar að lýst sé svæði utan jarðanna sem fylgi með í kaupum. Ekkert að mati dómsins bendir til þess að í umræddum skjölum sé þrætusvæðinu lýst sem heimalandi jarðanna. Ef um slíkt hefði verið að ræða hefði verið bæði sjálfsagt og rétt að lýsa þá merkjum svæðisins mun nánar en gert var, einkum og sér í lagi þar sem svo virðist sem svæðið hafi verið í sameign eða heyrnt með einum eða öðrum hætti sameiginlega undir báðar þessar jarðir þegar þessi landamerkjabréf voru gerð. Hér getur ekki skipt sköpum þótt landið sé fremur einsleitt og líkt öðrum svæðum í kring, m.a. heimalöndum aðliggjandi jarða. Slík sjónarmið koma vissulega til skoðunar en hafa einungis verið höfð á stundum til fyllingar og rennt eftir atvikum styrkari stöðum undir önnur gögn, en ekki haft úrslitaáhrif. Þótt landið sé ekki mjög hálent, sé allvel gróið og ágætlega aðgengilegt verður í þessu tilliti fremur litið til þess að ekkert liggur fyrir um að landið, sem er heiðarland, talsvert fjarri láglandi hafi verið nytjað á nokkurn hátt nema til upprekstrar, a.m.k. hafi önnur notkun verið hverfandi og þar aldrei verið byggð. Notkun landsins, sem sýnist að mestu ágreiningslaus, hefur þannig engan grundvöll getað skapað fyrir því að stefnandi hafi unnið eignarhefð á því, en þeirri málsástæðu var einnig hreyft. Þá verður heldur ekki horft framhjá því við heildarmat í málinu að ekkert liggur fyrir annað en að Kornsártungna sé fyrst getið árið 1789 í lögfestu Haukagils og hvorki þá né síðar hafi þrátt fyrir ákveðna tilheyrslu viðkomandi jarða þess verið getið í heimildum að tungurnar hafi verið undirorpnar beinum eignarrétti innan merkja jarðanna hverju sinni heldur svæðinu fremur lýst utan eiginlegra merkja. Önnur gögn málsins gefa hins vegar nokkuð ákveðnar vísbendingar um að svo hafi ekki verið.

64. Eins og að framan er getið er ítarlega fjallað um eignarréttarlega stöðu Kornsártungna í úrskurði óbyggðanefndar nr. 2/2013. Þar eru raktar heimildir sem varpað geta ljósi á þá stöðu, og þær raktar áfram í tíma, þeirra elstu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1706 um Kornsá og Haukagil sem gefa til kynna takmarkaða, ef nokkra, afrétti þessara jarða. Ekki er ástæða til að rekja hér þau fátæklegu gögn sem fyrir liggja fram að áðurnefndum landamerkjabréfum en helst er getið um takmörkuð not af umræddum heiðum, t.d. um bann sem lesið hafi verið upp á manntalsþingi 1819 við heimildarlausri grasatöku og eggjanámi. Í skýrslu um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklausturskirkjugarða frá 1865 er þess reyndar getið að Kornsá eigi mikið og gott land en minnst af því sé hægt að nota sökum fjarlægðar. Þó megi með erfiðleikum ná í allgott búsmalaland heiman að. Eftir standa svo umrædd landamerkjabréf fyrir Kornsá og Haukagil og síðari gögn sem engu bæta við að mati dómsins. Meginniðurstaða úr rannsókn á vegum óbyggðanefndar á fyrri heimildum varð sú að Kornsártungna sé einkum getið í tengslum

við upprekstur og afréttarnot en engar sjáanlegar heimildir hins vegar sem styðji að tungurnar hafi haft sömu eignarréttarlegu stöðuna og annað land jarðanna Kornsar og Haukagils. Ástæðulaust er að mati dómsins að tíunda hér öll þau rök og þær heimildir sem óbyggðanefnd nefnir til stuðnings þessari niðurstöðu sinni en því haldið til haga að stefnanda hefur ekki tekist að hrekja hana.

65. Þrátt fyrir að stefnandi hafi í stefnu málsins tilgreint síðari heimildir til stuðnings kröfum sínum, þ.e. gögn sem urðu til eftir framangreind landamerkjabréf, verður ekki séð að þau renni stöðum undir kröfur hans, enda það lítt rökstutt. Á það við um sölu 8. ágúst 1883 þar sem Hannes Þorvarðarson á Haukagili seldi Sigurði Jónssyni á Lækjamóti, Haukagilsheiði ásamt hálfum Lambatungum og hálfum Kornsártungum. Afsalsbréf Sigurðar til Jóseps Jónatanssonar á Miðhópi frá 1891 sem þinglýst var á manntalsþingi 1894 m.a. ¼ úr hálfum Kornsártungum og afsal frá Stjórnarráðinu til Jóns S. Pálmasonar á Þingeyrum, en þar er reyndar beinlínis fjallað um sölu á heiðarlandi sem hafi áður tilheyrt Kornsa en verið undanskilið jörðinni samkvæmt afsalsbréfi ráðherra 1909. Þá breytir engu að mati dómsins það mat sýslumannsins í Húnavatns-sýslu í bréfi 28. apríl 1920, sem var svar fyrir fyrirspurn frá Stjórnarráði Íslands, eftir umsagnir hreppstjóra, að engin landsvæði í hans umdæmi teldust til almenninga eða afrétta. Ekkert þessara skjala gefur frekar til kynna aukinn rétt stefnanda heldur en leiða má af framangreindum landamerkjabréfum enda ekkert þeirra heldur til þess fallið að geta aukið slíkan rétt. Sama marki brennd er yfirlýsing sýslumanns sem getur ekki breytt réttarstöðunni í þessum efnunum andstætt öðrum eignarheimildum, sbr. og dómafordæmi um gildi sambærilegra yfirlýsinga t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 430/2022. Þá verður hafnað sem haldlausum sjónarmiðum stefnanda um að kröfur stefnda hafi fallið niður fyrir fyrningu eða tómlæti að sumu leyti með vísan til framangreinds en einnig til fjölda dómarfordæma í þjóðlendumálum sambærilegum að þessu leyti þar sem þessum sjónarmiðum hefur verið hafnað.

66. Þegar gögn málsins eru metin heildstætt bendir því ekkert til annars að mati dómsins en að sömu sjónarmið eigi við um nyrðri hluta Kornsártungna sem hér er til umfjöllunar og eiga við um þann hluta þeirra er úrskurðaður var sem þjóðlenda í úrskurði nr. 2/2013. Er það raunar svo að sú lína sem afmarkaði þjóðlendumörk innan Kornsártungna í fyrri úrskurði endurspeglar að mati dómsins þetta að sínu leyti. Ekki verður séð að sú lína hafi staðið mjög styrkum fótum og átt sér afdráttarlausu skírskotun í heimildir, landfræðileg rök og legu landsins. Ekki er þannig hægt að fallast á að færð hafi verið rök fyrir því að gerð landsins sé með þeim hætti og það frábrugðin þeim hluta Kornsártungna sem ákveðin var þjóðlenda í úrskurðinum 2013 að rökstyðji sérstaklega og ein og sér þá hvar umrædd lína var dregin sbr. framburð Björns Magnússonar fyrir óbyggðanefnd 17. apríl 2024. Sú lína sem nú yrði dregin um mörk þjóðlendu á sér þvert á móti

mun styrkari skírskotun í staðhætti og skjallæg gögn að mati dómsins og er einnig afar skýr og rökrétt.

Niðurstaða, málskostnaður og annað

67. Með vísan til framangreinds verður að líta svo á að stefnanda hafi ekki tekist sönnun um það að þrætusvæði málsins sé eignarland hans, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti, eða hann hafi öðlast eignarrétt yfir landinu vegna aðgerða eða aðgerðarleysis stefnda með einum eða öðrum hætti. Þá bendi fyrirbyggjandi gögn þvert á móti til þess að svæðið sé þjóðlenda. Verður því stefndi, íslenska ríkið, sýknaður af kröfum stefnanda og úrskurður óbyggðanefndar stendur þá óraskaður um að svæðið allt sé þjóðlenda en stefnandi eigi þar afrétt.

68. Rétt er að málskostnaður falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hans, Sigurðar Jónssonar lögmanns, 1.200.000 krónur sem ákveðin er án virðisaukaskatts. Við ákvörðun þóknunar er litið til framlagðs yfirlits lögmannsins, umfangs málsins og viðmiðunarreglna dómstólasýslunnar nr. 1/2025.

69. Málið fluttu Sigurður Jónsson lögmaður fyrir stefnanda og Jóhannes Tómasson lögmaður fyrir stefnda.

70. Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfu stefnanda, Sjálfseignarstofnunarinnar Grímstunguheiðar/Haukagilsheiðar.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, 1.200.000 krónur.

Lárentsínus Kristjánsson

